

**SVAR VIÐ FYRIRSPURN****Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um stöðu skólahljómsveita**

Á fundi borgarráðs, 20. maí 2021, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kom hjá fulltrúa meirihlutans í borgarstjórn í ræðu að "gríðarvirkt starf er hjá skólahljómsveitum fyrir börn í öllum hverfum borgarinnar en starfið sjálft er mjög skapandi og í sífelldri mótun og endurskoðun". Fulltrúi Flokks fólksins ætlar ekki að mótmæla því að starfið sé skapandi en dregur það í efa að það sé rétt að virkt starf sé hjá skólahljómsveitum fyrir börn í öllum hverfum borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvernig þetta sé mögulegt? Skólahljómsveitir eru 4 og hverfi eru 10. Fjórum hljómsveitum er því skipt niður á hverfin og dekkar ein hljómsveit um 3-4 hverfi. Af 15.500 nemendum þá stunda á sjötta hundrað nemendur nám í skólahljómsveitunum fjórum. Segja má að það sé útilokað að allir þeir nemendur sem þess óska, rúmist í þessum fjórum hljómsveitum. Í ljósi þessa vill fulltrúi Flokks fólksins fá upplýsingar um: Fjölda umsókna í skólahljómsveitir borgarinnar undanfarin 3 ár. Hversu lengi að meðaltali eru nemar í hljómsveitunum? Eru biðlistar og ef svo er í hvaða hljómsveitir og hvað eru þeir langir? Hefur þurft að neita barni um þátttöku í einhverja skólahljómsveit borgarinnar vegna þess að ekki er pláss ef horft er til síðastliðna þriggja ára?

Svar:

Skólahljómsveitir borgarinnar eru fjórar þ.e. Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar, Skólahljómsveit Austurbæjar, Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts og Skólahljómsveit Grafarvogs. Í hverri hljómsveit eru um 130 nemendur og því eru samtals 520 nemendur í skólahljómsveitum borgarinnar.

1. Fjöldi umsókna í skólahljómsveitir borgarinnar undanfarin 3 ár

Fjöldi umsókna í skólahljómsveitir borgarinnar			
	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar	260	225	219
Skólahljómsveit Austurbæjar	201	196	187
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	207	172	157
Skólahljómsveit Grafarvogs	152	127	139



2. Hversu lengi að meðaltali eru nemar í hljómsveitunum?

Vandasamt er að reikna út hversu lengi að meðaltali nemendur eru í skólahljómsveit. Fullur námstími nemenda er 7-8 ár en samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum skólahljómsveita má áætla að nemendur séu um 4-5 ár að meðaltali.

3. Eru biðlistar og ef svo er í hvaða hljómsveitir og hvað eru þeir langir?

Biðlisti í skólahljómsveitir borgarinnar			
	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar	125	85	77
Skólahljómsveit Austurbæjar	60	60	60
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	77	42	27
Skólahljómsveit Grafarvogs	21	6	13

4. Hefur þurft að neita barni um þátttöku í einhverja skólahljómsveit borgarinnar vegna þess að ekki er pláss ef horft er til síðastliðinna þriggja ára?

Ekki hefur alltaf verið hægt að bjóða öllum börnum pláss að hausti vegna skorts á plássum og margir sækja um vinsælustu hljóðfærin. Reynt er að bjóða pláss á önnur hljóðfæri. Fjórdú bekkingar njóta forgangs á börn úr 1. – 3. bekk. Engu barni er neitað um pláss en fara þá á biðlista sem stjórnendur reyna að vinna úr en alltaf er eitthvert brottfall yfir veturinn.

Starfsemi skólahljómsveita hefur verið efld mjög á síðustu árum. Hljómsveitirnar hafa verið stækkaðar tvívegis og innra starf þeirra hefur eflst.

Í innleiðingaráætlun stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 kemur fram að mikilvægt sé að fjölga nemendum í skólahljómsveitum og að kanna hvort þörf er á að fjölga skólahljómsveitum í borginni.